

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi, 23.04.2002  
Tilv. 023  
KV/kv

Siglingastofnun Íslands hefur mótttekið bréf sjávarútvegsnefndar Alþingis dags. 15. apríl sl. varðandi tillögu til þingsályktunar um skipulag sjóbjörgunarmála.


Siglingastofnun getur tekið undir markmið þingsályktunarinnar að mikilvægt sé að vinna að heildarúttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála í landinu. Markmið slíkrar úttektar ætti að vera skýrt þ.e. að koma með tillögur sem einfalda núverandi skipulag og gera stjórn björgunarmála skilvirkari. Siglingastofnun er ennfremur þeirra skoðunar að mikilvægt sé að kanna hvort framtíðarskipan leitar- og björgunar á sjó, landi og í lofti sé best fyrir komið í einni leitar- og björgunarmiðstöð fyrir allt landið.

Siglingastofnun getur einnig tekið undir þá skoðun sem sett er fram í tillögunni að stjórnvöldum beri ávallt að tryggja öryggi sjófarenda með sem bestum hætti og nýta til þess nýjustu tækni. Hluti af þeirri tækni sem byggt hefur verið á til að bæta öryggi sjómanna er sjálfvirk tilkynningarskyldukerfi fyrir íslensk fiskiskip. Sjálfvirka tilkynningarkerfið var tekið í notkun í maí árið 2000 og hefur nú verið starfrækt í tæp tvö ár og í dag eru um það bil 1500 hundruð skip og bátar með slíkan búnað um borð. Kerfið hefur stuðlað að auknu öryggi og hefur stýtt verulega viðbragðstíma frá því að slys á sér stað þangað til að björgun og leit hefst. Í þessu sambandi má nefna að á vegum samgönguráðuneytisins starfar nú starfshópur að endurskoðun á sjálfvirka tilkynningarskyldukerfinu og mun á næstu vikum koma með tillögur um endurbætur á því kerfi.

Eins og fram kemur í greinargerðinni við þingsályktunina hefur verið sett á fót nefnd þriggja ráðuneytisstjóra undir forsæti forsætisráðuneytis sem á að endurskoða skipulag björgunarmála í landinu en ekki er ljóst hvenær sú nefnd mun skila af sér tillögum.

Með hliðsjón af framansögðu telur Siglingastofnun eðlilegt að ef ráðist verður í úttekt á skipulagi sjóbjörgunarmála sérstaklega þá verði það tengt með einhverjum hætti því nefndarstarfi sem og þeirri vinnu sem nú þegar er í gangi varðandi endurskoðun mála varðandi leit og björgun.

Virðingarfyllt



Hermann Guðjónsson